

Kalli á Mími

Karl Sigurðsson, Kalli á Mími eins og margir þekkja hann, hefur upplifað margt á sinnu löngu ævi, en hann varð 95 ára í vor. Hann hefur unnið ýmislegt á sínum starfsferli, allt frá því að vera smali til þess að stýra skipi, lengst af Mími.

— sjá bls. 10-11



Staðráðinn að láta drauminn rætast

Guðni Páll Viktorsson, er Vestfirðingur ársins 2013 að mati lesenda bb.is. Guðni Páll, sem fékk 33% greiddra atkvæða, sigldi hringinn í kringum landið í sumar á kajak til styrktar Samhjálp. Afrek Guðna Páls vakti mikla athygli bæði hérlendis og erlendis, enda réri hann einskípa við erfiðustu aðstæður. Guðni Páll, sem segist vera hálfur Ísfirðingur og hálfur Þingeyringur er í skemmtilegu viðtali í BB í dag.



— sjá bls. 12 og 13.



Óháð fréttablað á Vestfjörðum BÆJARINS BESTA

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 9. janúar 2014 · 1. tbl. · 31. árg. · Ókeypis eintak



Gleðilegt ár!

SMÍDJAN
VERSLUN
SINDRAGÖTU 12
Opíð mánudaga til föstudaga 8-18
Opíð laugardaga 10-14
Sími: 456-1300

...fyrir BÍLINN
...fyrir BÁTINN
...fyrir HEIMILIÐ
...fyrir FAGMANNINN
...fyrir ÞIG!

Kíktu til okkar
í Hafnarstræti 9
Ísafirði



Afgreiðslutími:
Virka daga 10:00-22:00
Lau & sun 11:00-22:00

SUBWAY

EINFÖLD REIKNIVÉL
Á eBOX.IS

eBOX
auðveldar smásendingar



Í STÓRUM SKIPUM RÚMAST LÍKA
SMÆRRI SENDINGAR



Eimskip | Korngröðum 2 | 104 Reykjavík | Sími 525 7000 | www.ebox.is

eBOX er ný, þægileg og einföld lausn til að flytja minni sendingar frá Evrópu til Íslands. Á ebox.is er reiknivél sem segir þér á augabragði hver flutningskostnaðurinn er. Traust og áreiðanlegt leiðakerfi Eimskips á Norður-Atlantshafi tryggir að sendingin þín kemur heim með fyrstu ferð. Auðvelt og fljótlegt.

EIMSKIP
eBOX



Harpa Oddbjörnsdóttir blaðamaður og Guðni Páll Viktorsson við afhendinguna.

Guðni Páll Viktorsson er Vestfirðingur ársins 2013

Vestfirðingur ársins 2013 samkvæmt vali lesenda fréttavefjarins bb.is er Guðni Páll Viktorsson. Guðni Páll sem er ættaður úr Dýrafirði sýndi fádæma þrautseigju og úthald í sumar þegar hann réri á kajak hringinn í kringum landið til styrktar Samhjálp. Aðstæður voru oft á tíðum mjög erfiðar á meðan á siglingunni stóð en Guðni Páll lét það aldrei stöðva sig. „Með afreki sínu kom hann Vestfjörðum rækilega á kortið því ávallt kom fram hvaðan drengurinn væri upprunninn. Hann er auk þess mikið ljúfmenni enda af góðu fólki kominn,” eins og einn þátttakandinn í kjörinu sagði um Guðna Pál. Ljóst er að afrek Guðna Páls ber vott um líkamlegt og andlegt þrek auk þess sem hann er jarðbundinn og

hefur góða útgeislun. „Hann sýndi að það er hægt að láta drauma sína rætast og láta einnig got af sér leiða.”

Guðni Páll fékk 33% greiddra atkvæða en hátt í 500 manns tóku þátt í kjörinu. Í öðru sæti í kjörinu með 25% greiddra atkvæða voru feðgarnir Hálfán Óskarsson og Óskar Hálfánarson á Ísafirði. Þeir feðgar settu á árinu á stofn mjólkurvinnslu í Bolungarvík undir nafninu Arna ehf. Þar eru framleiddar laktósafrjár mjólkurvörur sem notið hafa vinsælda frá því þær komu á markað. Í þriðja sæti í kjörinu með 7% greiddra atkvæða var Óskar Jakobsson frá Ísafirði, sem í sumar hljóp frá Reykjavík til Ísafjarðar, rúmt maraþon á dag í 10 daga styrktar Finnþoga Erni Rúnars-

syni og Neistanum, félagi hjartveikra barna.

Í fjórða sæti með 4% greiddra atkvæða varð Guðjón Þorsteins-son á Ísafirði og í fimmta sæti var Sveinbjörn Hjálmarsson á Ísafirði (Simbi í Hafnarbúðinni) með 3% greiddra atkvæða. Alls fengu 80 einstaklingar atkvæði í kjörinu en heildarfjöldi atkvæða var 461. Áður hafa fengið nafnbótina Vestfirðingur ársins þau Agnes M. Sigurðardóttir, biskup Íslands (2012), Örn Elías Guðmundsson, Mugison (2011), Benedikt Sigurðsson (2010), Halldór Gunnar Pálsson (2009), Egill Kristjánsson (2008), Arna Sigríður Albertsdóttir (2007), Sunneva Sigurðardóttir (2006), Sigríður Guðjónsdóttir (2005), Örn Elías Guðmundsson, Mugi-

son (2004), Magnús Guðmundsson (2003), Hlynur Snorrason (2002) og Guðmundur Halldórs-son (2001).

Aðstandendur valsins á Vestfirðingi ársins 2013, Gullauga ehf., á Ísafirði, Advania hf., í Reykjavík og fréttavefurinn bb.is óska öllum þeim sem fengu tilnefningu til hamingju og þakka lesendum þátttökuna og óska þeim velfarnaðar á nýbyrjuðu ári. Í tilefni útnefningarinnar var Guðna Páli fært viðurkenningarskjal til staðfestingar á valinu, farandgrip og eignargrip sem smíðaður er af Dýrfinnu Torfadóttur gullsmið. Afhendingin fór fram á laugardag og kom það í hlut Hörpu Oddbjörnsdóttur blaðamanns að afhenda Vestfirðingi ársins viðurkenningararnar.

Guðni Páll Viktorsson:

„Frábær árangur í sumar þegar hann réri á kajak 2,140 km hringinn í kringum landið í 55 róðralaggum á þremur mánuðum – Flottur og dulegur strákur og góð fyrirmynd – Gull af manni – Sýndi hjartahlýju og hetjudáð fyrir þá sem minna mega sín – Hefur einstakt hjartalag – Ávallt einlægur og trúr sjálfum sér – Gull af manni sem ætti að heiðra sem Vestfirðing ársins – Algjör hetja – Framúrskarandi piltur sem lætur gott af sér leiða – Sýndi mikið þrekvirkni í þágu Samhjálp – Fyrirmyndar Vestfirðingur sem gaf Vestfjörðum og landinu öllu góða kynningu.“



Hálfán Óskarsson og Óskar Hálfánarson:

„Sýndu fram á frábæra nýsköpun með því að koma vestfirskum mjólkurvörum aftur á framfæri – Frumkvöðlar í mjólkuriðnaði – Stofnuðu mjólkurvinnsluna Örn ehf., í Bolungarvík – Hafa óbilandi trú á sjálfum sér og Vestfirðingum – Fóru að bjóða upp á laktósafrjár mjólkurvörur – Hafa skapað ný störf í skugga fjölda-uppsagna í samfélaginu – Fá 10 í einkunn fyrir ísfriska skyrið – Kraftaverkamenn – Flottir frumkvöðlar – Komu með nýjung á markað sem nýtist mörgum til góðs – Drengir góðir og gæðablóð.“



Óskar Jakobsson:

„Hljóp frá Reykjavík til Ísafjarðar, rúmt maraþon á dag í 10 daga til styrktar Finnþoga Erni Rúnarsyni og fjölskyldu og Neistanum, félagi hjartveikra barna – Yndislegur, gefandi og frábær maður – Góður maður með stórt og got hjarta – Falleg sál – Vann óeigin-gjarnt og frá-bært þrekvirkni – Ótrúlega vel gerður, ljúfur og góður drengur sem á skilið að vera valinn Vestfirðingur ársins 2013 – Hljóp heim – Gæðadrengur með hjartað á réttum stað.“

Eftirtaldir einstaklingar / aðilar fengu atkvæði í valinu á Vestfirðingi ársins 2013: Jón Guðbjartsson, Mugison og áhöfnin á Húna, Sigmundur Þórðarson, Pröstur Reynisson, Jón Þórðarson, Magnús Hauksson, Eyþór Jónsson, Halldór Smárason, Arna Sigríður Albertsdóttir, Martha Sigríður Örnólfsdóttir, Fanney Inga Halldórsdóttir, Páll Gunnar Loftsson, Fríða Sæmundsdóttir, Steinunn Jónsdóttir, Hjalti Hafþórsson, Haraldur Leifsson, Ingibjörg Sigríður Guðmundsdóttir, Karen Lind Thompson, María Rut Kristinsdóttir, Stjórn Mýraboltafélagsins, Stefán Dan Óskarsson, Henna-Rikka Nurmi, Elías Jónatansson, Hálfán Óskarsson og Óskar Hálfánarson, Sígús Fossdal, Halldór Halldórsson, Kristrún Hermannsdóttir, Ólafur Gestur Rafnsson, Arnór Stígsson, Úlfar Lúdvíksson, Bragi Valdimar Skúlason, Guðni Páll Viktorsson, Kári Þór Jóhannsson, Fanney Inga Halldórsdóttir, Guðni Albert Einarsson, Ylfa Mist Helgadóttir, Óskar Jakobsson, Andri Fanner Sóleyjarson, Ingvar Örn Ákason, Hermann S. Hreinsson, Jón Þór Þorleifsson, Matthías Garðarsson, Hallgrímur Sveinsson, Alda Davíðsdóttir, Gilla Smoter, Ágúst Angantýsson, Guðjón Þorsteins-son, Elfar Logi Hannesson, Margrét Brynjólfsson, Mekkín Silfá Karlsdóttir, Sveinbjörn Hjálmarsson, Ásgeir Kristján Karlsson, Gísli Halldór Halldórsson, Bernharður Guðmundsson og Hlynur Kristjánsson, Guðmundur Sævar Guðjónsson, Lilja Jónsdóttir, Sr. Magnús Erlingsson, Örn Elías Guðmundsson, Eiríkur Örn Norðdahl, Ómar Smári Kristinsson, Heimir Hansson, Henry Bæringsson, Ásgeir Överby, Gústaf Gústafsson, Guðmundur M. Kristjánsson, Agnes Jóhönnu og Ásgeirsdóttir, Agnes M. Sigurðardóttir, Þorsteinn Jóhannesson, Andrea Björnsdóttir, Falur Þorkelsson, Jóhanna María Sigmundsdóttir, Þorbjörn Steingrímsson, Halldór Eraclides, Sigurður Atlason, Guðmundur Heiðar Gunnarsson, Sigrún Jóna Guðmunda Sigurðardóttir, Hilmar Örn Þorbjörnsson, og Jakob Jónsson.

Tenerife

4. júní - vika



★★★

Hovima Jardin Caleta

Tilboðsverð á mann:

90.400 KR.

verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi með morgunverði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í bókun frá 100.900 kr.

Almería

17. júní - vika



★★★★

Arena Center

Tilboðsverð á mann:

79.900 KR.

verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í bókun frá 99.800 kr.

Alicante borg

3. júní - vika



★★★

Best Western Albahia

Tilboðsverð á mann:

80.900 KR.

verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi m. morgunverði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í bókun frá 91.000 kr.

Benidorm

17. júní - vika



★★

Paraiso Centro

Tilboðsverð á mann:

79.400 KR.

verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í íbúð með einu svefnherbergi. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í bókun frá 97.800 kr.

Albir

24. júní - vika



★★★★

Albir Playa

Tilboðsverð á mann:

85.200 KR.

verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi m. morgunverði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í bókun frá 100.200 kr.

Madeira

22. apríl - vika



★★★★

Alto Lido Madeira

Tilboðsverð á mann:

169.900 KR.

verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíþýli með morgunmat.

Costa Brava

16. júní - vika



★★★

Xaine Park

Tilboðsverð á mann:

96.300

verð á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn í herbergi m. hálfu fæði. Verð á mann m.v. 2 fullorðna í bókun frá 102.600 kr.

Barcelona

20. júní - 3 nætur



★★★

San Augustin

Tilboðsverð á mann:

99.800 KR.

verð á mann m.v. 2 fullorðna í tvíþýli með morgunmat.

Sumarsól

2014

Sumarið er komið í sölu!





Útgefandi: Gúttó ehf., kt. 680501-2620
Afgreiðsla og ritstjórn: Silfurgötu 1, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Sigurjón J. Sigurðsson, 892 5362, bb@bb.is
Ábyrgðarmenn: Halldór Sveinbjörnsson, Sigurjón J. Sigurðsson.
Blaðamenn: Harpa Oddbjörnsdóttir, 846 7487, harpa@bb.is Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Halldór Sveinbjörnsson, 894 6125, halldor@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandspóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bb.is
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á pósthöfundum bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánuðögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Vestfirðingur ársins

„Um leið og ég heyrði lætin vissi ég hvað var að gerast, að fyrir utan væri að rísa alda sem myndi hafa miklar afleiðingar. Ég lít í áttina þangað og sé þessa öldu og það fyrsta sem kemur í hugann er að fara beint á hana, ekki að láta hana koma í hliðina. Ég beygði og byrjaði að róa á móti öldunni eins og ég ætti lífið að leysa en sá það fljótt að ég ætti enga möguleika að fara í gegnum hana, hún var það stór og gríðarlega aflmikil. Þannig gerði ég mig bara kláran til að fara í rússbanaferð og dró djúpt andann, svo skall aldan á bátum og henti honum upp í loftið þannig að hann fór eins og heljarstökk aftur fyrir sig. Báturinn sjálfur er um hundrað kíló, þetta er engin léttavigt, en hann var bara eins og tannstóngull í þessu. – Ég lenti þarna á hvolvi í sjónum og rúllaði þannig með þessari öldu í átt að landi, ég veit ekki hve lengi, en fyrir mér var þetta eins og heil eilífið og ég hafði ekkert loft eftir. Ég vissi bara að ef ég færi úr bátum, þá væri þetta búið.“

Þessi texti er ekki úr handriti að spennuþrunginni bíómynd, þar veðrahundur kann að verða búinn til með tæknibrellum, heldur einfallega frásögn af lífsreynslu Vestfirðings ársins 2013 í kajakróðri hans í kringum Ísland, á andartaki þar sem skilin milli lífs og dauða hingu á hverju sekúndubroti í baráttu hans við ofurkraft náttúruhamfara, sem aldrei gera boð á undan sér.

„Það var eiginlega ekki fyrir en ég var kominn á þurrt sem ég áttaði mig á því hvað hafði í rauninni gerst, að þarna hefði þetta alveg getað endað.“

Til nánari kynna af þessari einstöku upplifun og afreksverki skal bent á viðtal í blaðinu við nýkjörinn Vestfirðing ársins 2013, Guðna Pál Viktorsson; að eigin sögn hálfur Þingeyringur og hálfur Ísfirðingur.

„Ég held að meiri viðurkenning fyrir mig en að vera kosinn svona af mínu heimafólki á Vestfirðum sé ekki til,“ eru viðbrögð Guðna Páls, sem lét áheitin sem söfnuðust við róðurinn renna til Samhjalpar: „Það er fyrst og fremst þörfin fyrir að styðja þá sem minna mega sín,“ sem veldur því.

Til hamingju Guðni Páll.

Alls fengu 80 einstaklingar atkvæði í kjörinu á Vestfirðing ársins, sem nú fór fram í þrettánda sinn. Í öðru sæti lentu þeir fedgar Hálfán Óskarsson og Óskar Hálfánarson, stofnendur mjólkurvinnslunar Örmu ehf í Bolungarvík, fyrirtækis, sem Vestfirðingar verða að standa vörð um, og í hinu þriðja Óskar Jakobsson, sem hljóp frá Reykjavík til Ísafjarðar, rúmt maraþon á dag í 10 daga, til styrktar Finnþoga Erni Rúnarsyni og Neistanum, félagi hjartveikra barna.

Bæjarins besta óskar öllum þeim sem tilnefningu hlutu til hamingju og þakkar þátttökuna. – s.h.

Spurning vikunnar

Strengir þú áramótaheit?

Alls svöruðu 343.

Já sögðu 76 eða 22%

Nei sögðu 267 eða 78%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.



Geir Gunnlaugsson, landlæknir. Mynd: Læknablaðið.is.

Landlæknir: Gengið verður rösklega til verks

Geir Gunnlaugsson, landlæknir, segir að nú þegar andmælarettur Þorsteins Jóhannessonar, framkvæmdastjóra lækninga við Heilbrigðisstofnun Vestfjarða, er runninn út vegna mats embættisins á starfshæfni hans, verði gengið rösklega til verks svo unnt sé að ljúka málinu hið fyrsta. Geir vildi ekki staðfesta hvort Þorsteinn hefði nýtt andmælarett sinn eður ei. „Málið hefur hingað til gengið rosalega hratt miðað við þann ramma sem við vinnum eftir og lög gera ráð fyrir. Ef einhver andmæli er um að ræða

af hálfu Þorsteins þá þurfum við að skoða þau að sjálfsögðu en ég get lofað því að það verður gengið rösklega til verks. Enda hef ég fulla samúð með áhyggjum fólks af þessu máli.

Matinu skilaði landlæknir stuttu fyrir jól. Embættinu var falið að meta starfshæfni Þorsteins í kjölfar þess að fjallað var um bréf fimm lækna við stofnunina til forstjóra hennar, þar sem þeir óskuðu eftir að málinu yrði vísað til landlæknis. Þá var um mánuður liðinn frá því að bréfið var skrifað. Frá því að málið kom

upp hafa þrjú lækna af fimm sagt upp störfum hjá stofnuninni og einum hefur verið sagt upp.

Ekki verður greint frá niðurstöðu mats landlæknis fyrir en endanleg niðurstaða liggur fyrir í málinu, en nú eftir að andmælarettur er runninn út á eftir að taka mögulegar athugasemdir Þorsteins til greina. Í tilkynningu frá HsVest frá 19. desember kom fram að að Þorsteinn muni áfram gegna störfum sem framkvæmdastjóri lækninga, en að hann muni hvorki sinna skurðaðgerðum né læknavöktum, líkt og hefur verið.



Ísfirðingurinn Birna Jónasdóttir hefur verið ráðin nýr rokkstjóri Aldrei fór ég suður.

Birna Jónasar nýr rokkstjóri

Ísfirðingurinn Birna Jónasdóttir hefur verið ráðin nýr rokkstjóri Aldrei fór ég suður og tekur hún við af Jóni Þór Þorleifssyni sem rokkstýrði síðustu þremur hátíðum en lét af störfum að eigin ósk. Guðmundur M. Kristjánsson, stjórnarformaður Aldrei fór ég suður, er spenntur fyrir að fá nýtt blóð í stjórnun hátíðarinnar en tekur fram að Birna sé enginn nýgræðingur í rokkstjórnun, hún hafi unnið með Jóni Þór á síðustu

hátíð og viti nákvæmlega um hvað þetta snýst. Undirbúningsnefnd Aldrei fór ég suður hittist milli hátíða og undirbúningsur kominn á fullan skrið. Guðmundur gerir ráð fyrir hátíðin verði með svipuðu móti og fyrri ár en húsnaðismálin eru sifelldur höfuðverkur rokknefndarmanna.

„Við skipuðum nefnd á fundinum til að fara í viðræður við bæinn um framtíðarlausn á húsnaðismálum hátíðarinnar. Við

erum á öðru ári á þriggja ára samningi við Byggðastofnun um að fá að vera á Grænagarði þessa daga kringum hátíðina og það er kominn tími til að huga að hvað gerist þegar samningurinn rennur út“, segir Guðmundur. Hátíðin verður að vanda haldin um páska sem eru seint á ferðinni ár en páskadagur verður 20. apríl samborið við 31. mars í fyrra og getur munað um minna í þíðviðri hér á norðuslóðum.

Nýttu þér skemmtileg vildartilboð í Appinu



Skannaðu kóðann
til að sækja eða
uppfæra Appið.



Vildarþjónusta

Spennandi tilboð og afsláttarkjör

Viðskiptavinir í Vildarþjónustu Íslandsbanka geta nálgast yfirlit yfir tilboð og afsláttarkjör frá fjölmörgum fyrirtækjum um land allt í Íslandsbanka Appinu.

Í Vildarþjónustunni nýtur þú betri kjara og safnar frjálsum Íslandsbankapunktum með fjölbreyttum viðskiptum.

Njóttu þess að vera í Vildarþjónustu Íslandsbanka og fylgstu með frábærum tilboðum í Appinu og á islandsbanki.is!



Við bjóðum
góða þjónustu

islandsbanki.is | Sími 440 4000


Íslandsbanki

Með mörg járn í eldinum

Soffía Vagnsdóttir skólastjóri í Bolungarvík hefur verið sæmd heiðursmerki hinnar íslensku fálkaorðu fyrir framlags sitt til félags- og menningarmála í heimabyggð. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, sæmdi Soffíu, og tíu aðra Íslendinga, fálkaorðu við hátíðlega athöfn á Bessastöðum á nýársdag. Soffía, eða Sossa eins og hún er alla jafn kölluð, starfar sem skólastjóri Grunnskóla Bolungarvíkur og hefur ávallt látið til sín taka í heimabyggð. „Maður er ennþá bara reyna að skilja þetta. Forsetaritarinn hringdi einhverjum tíu dögum fyrir jól og ég svaraði bara að þetta hlýti að vera einhver misskilningur! Þetta var óskaplega óvænt og ég er djúpt snortin og þakklát,“ segir Soffía.

„Það var ógurlega gaman að koma á Bessastaði en þangað hef ég bara einu sinni komið áður, með honum Grími mínum [Atlasygni, fyrrverandi bæjarstjóra Bolungarvíkur] þegar við ætluðum að bjarga Vestfjörðum. Eftir athöfnina var húsið opnað og það fyllt af allskonar fólki, listamönnum, þingmönnum, ráðamönnum hinna ýmsu stofnana og fleiri, í árlegt nýársboð forsetans. Ég tók mömmu [Birna Hjaltalín Pálsdóttir] og Roland manninn minn með og þetta var alveg yndislegur dagur,“ segir hún. Aðspurð hvernig mamma



Soffía Vagnsdóttir.

hennar hafi tekið þessu segir hún hana ekki hafa áttað sig almennilega á þessu fyrr en þau komu á Bessastaði. „Svo sagði hún: Hver hefði trúað því þegar þú fæddist á Manga Ella búð að þú ættir eftir að fá fálkaorðu!“, segir Sossa og hlær.

Gestur sonur hennar bauð heim

í matarboð í tilefni dagsins í Reykjavík. „Svo hitti ég fólkið mitt fyrir vestan þegar ég kem heim, fagna með þeim. Ætli ég verði ekki að taka orðuna með mér í skólann til að sýna krökkunum líka.“ Hún er ávallt með mörg járn í eldinum, sem hún segir edli þess að lifa lífinu lif-

andi. „Ég reyni að kenna mínum krökkum í skólanum, og lífinu líka, að manneskjan er ekki eyland. Það er svo ótrúlega mikilvægt að rækta þetta með börnum, að hugsa um að axla þá ábyrgð að vera samfélagsþegn, maður verður að leggja sitt fram til að gera lífið skemmtilegt. Eins og

ég segi alltaf við þau: maður verður að hugsa meira sam í öllu sem við gerum því þá fá fleiri að njóta. Það er betra að hafa lífið skemmtilegt en leiðinlegt. Vakna á morgnana frekar en að breiða sængina upp fyrir haus.“

Sossa er borinn og barnfæddur Bolvíkingur, úr sex systkina hópi Vagns Hrólfssonar sjómanns og Birnu Pálsdóttur kaupmanns. Frá Bolungarvík flutti hún 16 ára en tilbaka fertug en árið 1998 tók hún við starfi skólastjóra Tónlistarskóla Bolungarvíkur þar sem hún starfaði í sex ár. Hún hefur síðan starfað sem skólastjóri GB undanfarin ár. Síðasta vetur var hún þó í námsleyfi þar sem hún var ljúka meistaranámi í Menningarstjórnun og Evrópufræðum frá Háskólanum á Bifröst og lokaverkefni hennar þar ber heitir *Bolungarvík: að breyta þorpi í þjóðbraut : tengsl menningartengdrar ferðaþjónustu, sjávarþorpa og samfélagsfrumkvöðla.*

Sossa gaf einnig nýlega út tónlistarnámsefni fyrir börn, bókina Trommur og töfrateppi – tónlist með börnum á leikskólaaldri. Þá er hún upphafskona Ástarvikuunnar í Bolungarvík og hefur, ásamt Guðrúnu Stellu Gissuraradóttur, staðið að söfnun á kaupum á listaverki af Björggu vatnsbera og unnið að verkefnum tengdum Þuríði Sundafylli.

– harpa@bb.is

Óánægja með snjómokstur á Flateyri

Mikil óánægja er á Flateyri er með snjómokstur í þorpinu en flestar götur munu vera ófærar. Guðmundur Hagalínsson íbúi á Flateyri, segir að fyrirkomulag

snjómoksturs í þorpinu sé ótækt. „Sá sem sér um snjómoksturinn býr ekki Flateyri og þegar Hvilftarströndin er ófær eða snjóflóð fellur á veginn, kemst hann ekki

til Flateyrar“, segir Guðmundur. Að hans mati er þetta almanna- varnamál. „Það er ekkert launungamál að ég hef farið með þetta fyrir sýslumann því það getur

verið grafalvarlegt ef flestar götur er ófærar í lengri tíma. Ég geri mér fyllilega grein fyrir því að það er ekki hægt að moka allar götur, en kvikni í komast slökkviliðsmenn ekki að brunahönum og sömuleiðis eru sjúkraflutningar mjög erfiðir og það finnst mér vera almannavarnamál.“

Eftir nokkuð snjóþungan verur í fyrri fundaði Guðmundur, sem er formaður Félags eldri borgara í Önundarfirði, með bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar og félagsmálanefnd um snjómokstursmál og aðgengis- og öryggismál eldri borgara. „Þau sögðust hafa fullan skilning á þessu en svo breyttist ekki neitt. Mér finnst þau hafa okkur að fíflum“, segir Guðmundur. Aðspurður hvaða breytingar hann vilji sjá segir Guðmundur það vera númer eitt, tvö og þrjú að snjómokstursmaðurinn búi á Flateyri þegar það viðrar eins og það hefur gert undanfarin vikur.

Vegagerðin sér um mokstur á Hvilftarströnd en moka ekki lengra enn inn að bensinstöðinni

í útjaðri þorpsins og þá tekur við snjómokstursmaður Ísafjarðarbæjar og tekur Guðmundur sem dæmi að á laugardaginn hafi hann átt brýnt erindi til Ísafjarðar en þrátt fyrir að fært væri milli Flateyrar og Ísafjarðar þá náði það ekki lengra enn inn að bensinstöð þar sem eyrin var mestmegnis ófær og hann sat því fastur.

Valgeir Ólafsson á Flateyri tekur í sama streng og Guðmundur og segir að það hafi verið gerð stór mistök fyrir tveimur árum þegar ekki var ráðið í starf gröfumanns Ísafjarðarbæjar á Flateyri. „Aðvitað verður maður að sætta sig við það að vera lokaður inni í nokkra daga þegar mesta veðrið gengur yfir en nú hefur lítið bætt í snjó frá áramótum en enn eru flestar götur ófærar. Snjómokstur á eyrinni hefur ekki verið ásættanlegur síðan Grétar lét af störfum og það voru stór mistök að ráða ekki mann í hans stað og lykilaðrið fyrir okkur að hafa gröfu á eyrinni,“ segir Valgeir.

– smari@bb.is

Vantar þig heyrnartæki?

Heyrnarmælingar, ráðgjöf og heyrnartækjapjónusta

Ísafjörður - 14. janúar

Árni Hafstað heyrnarfræðingur verður á Ísafirði við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja. Mikið úrval af hágæða heyrnartækjum. Sérsmíðuð eða næstum ósýnileg bak við eyra. Margir verðflokkar.



Heyrnartækni

Bókaðu tíma í heyrnarmælingu og fáðu heyrnartæki til prufu

Sími 568 6880

Glæsibæ | Álfrheimum 74 | 104 Reykjavík | Sími 568 6880 | www.heyrnartaekni.is

HAPPDRÆTTI



... fyrir lífið sjálft

ÞÚ GETUR VALIÐ AÐ VERA VINUR

Við erum heppin að lifa í samfélagi sem byggir á samkennd og eiga vini sem styðja og styrkja. SÍBS vinir eru bakhjarlar lífsnauðsynlegrar endurhæfingar að Reykjalundi sem byggir upp fólk eftir áföll.

Tryggðu þér vinanúmer hjá umboðsmanni þínum á Vestfjörðum eða í síma **560 4800** eða á **www.sibs.is**

Íslandspóstur, Bjarkargötu 4, sími **456 1100**, 450 Patreksfjörður.

Ragna Magnúsdóttir, Hólastíg 1, sími **456 7510**, 415 Bolungarvík.

Íslandspóstur, Hafnarstræti 9-11, sími **456 5010**, 400 Ísafjörður.

Fyrsti útdráttur verður **16. janúar 2014**
Miðaverð aðeins **1.300 kr.**

HAPPDRÆTTI SÍBS ... fyrir lífið sjálft

600 yfir
milljónir
í verðlaunapottinum 2014

Fengu svefnherbergisloftið í höfuðið

Finnbogi Bernóðsson og Arndís Hjartardóttir í Bolungarvík fengu svefnherbergisloftið bókstaflega í höfuðið að morgni 44 ára brúðkaupsafmælisdags þeirra á gamlársdag. Slæmt veður var í Bolungarvík um nóttina og vindhviður skuku húsið öðru hvoru. Þar sem þau voru í fastasvefni á meðan fullorðin börn og barnabörn þeirra sátu á neðri hæðinni að spjalli. „Við vorum nýkomin heim af balli og sátum niðri að spjalla og fá okkur að borða og svona þegar allt í einu kemur eins og hvírfilbylur og við

sátum alveg stjórf. Húsið nötrað og allt lék á reiðiskjálfi,“ segir Arndís Aðalbjörg dóttir þeirra hjóna.

„Mjög fljótlega heyrum við svo að mamma og pabbi eru vöknuð og vorum þá hrædd um að hafa vakið þau með hlátrasköllunum í okkur. Við kölluðum upp og mætum svo pabba þar sem hann kemur fram hálfvankaður og sagði að loftið hefði hrúnið niður á þau. Við ætlum ekki að trúa okkar eigin augum þegar við kíktum inn í herbergi!“

Arndís eldri, eða Dísá eins og

hún er gjarnan kölluð, segir að inn af svefnherberginu sé lítið baðherbergi þar sem var hálfopin gluggi og svo opið inn á bað. „Sennilega hefur orðið svona ofboðslegur sogkraftur og við vöknum við þrýsting í eyrunum og svo hrundi loftið niður á okkur, fyrst plöturarnar og síðan einangrunin og allt rykið. Bogi er krambúleraður eftir þetta en ég slapp alveg.“

Arndís yngri segir að það vilji til mamma hennar sefur alltaf með höfuðið „bókstaflega undir koddanum og sæng yfir það og

að pabbi hennar hafi óspart gert grín að henni fyrir það í gegnum árin. „Hann hefur alltaf sagt við hana að hún ætti eftir að kæfa sig á þessu einhvern daginn en heldur betur ekki í þetta skipti því mamma fann varla fyrir þessu en pabbi kall greyð rotaðist næstum því og fékk stærðarinnar skrámu á höfuðið. Hann sagði að hann hefði „lagast“ við þetta högg og þurfti varla að nota gleraugu,“ segir hún og hlær. „Foreldrar mínir fengu að heyra ófáa brandara frá okkur systur um að þetta hlyti að stafa af hömlulausum

hamagangi í rúminu á brúðkaupsafmælisdaginn!“

Þessi dagur hefur alltaf minnt okkur á veðrið því þegar við giftum okkur þá komumst við ekki í eigin brúðkaupsveislu sem átti að fara fram í Fagrahvammi á Ísafirði. Þá hafði fallið skriða á Óshlíðinni nefnilega. Þannig að við kippum okkur lítið upp við þetta og gerum bara grín að þessu fyrst ekki fór ver. Það var bara náttlampinn sem fór úr háslíðnum en ekki maðurinn minn,“ segir Dísá og það er greinilegt að mikið er búið að hlæja að atburði.

Það versta í þessu er óvissan

Skipulagsstofnun hefur komist að þeirri niðurstöðu að áform Hraðfrystihússins – Gunnvarar hf. um sjókvíaelði í Ísafjarðardjúpi kunni að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því háð mati á umhverfisáhrifum. Úrskurður stofnunarinnar var birtur fyrir áramót, en þetta er í annað sinn sem Skipulagsstofnun tekur ákvörðun um umsóknina. Í fyrra skiptið var niðurstaðan sú að ekki væri þörf á umhverfismati, en sú ákvörðun var kærð til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála sem ógilti hana.

Meðal þess sem sérstaklega var gagnrýnt við eldisáform HG er að ekki hafi verið tekið tillit til áhrifa laxeldis í Ísafjarðardjúpi á laxveiðiár í Djúpinu. Ekki verður annað ráðið af niðurstöðu Skipulagsstofnunar nú en að þau sjónarmið vegi þyngst í viðsnúning-



Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Hraðfrystihússins – Gunnvarar.

um.

Forsvarsmenn HG hafa ítrekað gagnrýnt seinagang opinberra stofnana í málinu. Tvö ár eru liðin frá því að Skipulagsstofnun hóf meðferð málsins, en hún tók upphaflega ákvörðun 4. apríl

2012. Úrskurður ÚUA kom svo fram í júní á þessu ári, rúmu ári síðar. Áform HG hafa því staðið á byrjunarreit í langan tíma.

„Fyrst og fremst eru þetta vonbrigði, vonbrigði með að þetta hefur tekið á þriðja ár. Stjórnvöld

hafa ítrekað farið langt fram yfir alla fresti, og við höfum auðvitað fylgt leiðbeiningum þessara stofnana allan tímann. Þetta eru auðvitað vonbrigði í því ljósi,“ segir Einar Valur Kristjánsson, framkvæmdastjóri HG. „Við

munum leita eftir fundi með Skipulagsstofnun eins fljótt og auðið er til að ræða næstu skref, en það versta í þessu er óvissan. Við vitum ekki alveg hvar við stöndum.“

– herbert@bb.is

Fyrir náungann á nýju ári

Gleðilegt komandi ár lesendur góðir. Um áramót hæfir vel að líta yfir farinn veg og horfa fram á við. Sú ágæta venja hefur skapast að kjósa Vestfirðing ársins. Sá eða sú sem hlýtur nafnbótina er einhver sem lætur gott af sér leiða fyrir samfélagið. Oftar en ekki með því að sinna náunganum á einhvern hátt. Nægir minna á björgunarsveitir Landsbjargar. Starf þeirra er unnið af sömu lund og án hugsunar um sjálfan sig líkt og gildir um Rauða Krossinn og margir hjálparstofnanir og -félög sem of langt mál væri að telja upp.

Lesendur BB völdu Guðna Pál Viktorsson, frá Þingeyri, Vestfirðing ársins, sem er tengdur fjölskyldu á Ísafirði. Hann hlaut þriðjung atkvæða, 151 af 461 greiddum. Guðni vann það afrek að róa á kajak í 55 lotum umhverfis Ísland, frá Hornafirði 30. apríl vestur og norður um og þangað aftur 1. ágúst á liðnu ári til styrktar Samhjálp. Hún sinnir þeim sem hafa farið halloka í lífinu fyrir áfengi, fíkniefnum og fleiru, rekur meðferðarheimili í Hlaðgerðarkoti og matstofu fyrir þá sem ekki eiga fyrir mat. Framkvæmdastjóri Samhjálp er sér Karl V. Matthíasson fyrrum alþingismaður og sóknarprestur á Suðureyri, Ísafirði og Tálknafirði. Meira fór fyrir mörgum, en þetta afrek Guðna skilaði

mörgum milljónum, sem nýtast þeim er minna mega sín. Ferð hans var ekki alltaf auðveld, hann sýndi kjark og fyrirhyggju öðrum til góðs og er vel að útnefningunni kominn. Í öðru sæti urðu þeir feðgar Hálfán Óskarsson og Óskar Hálfánsson sem reka nýtt mjólkurvinnslufyrirtæki í Bolungarvík. Arna ehf. framleiðir laktósafría mjólk sem er góð fyrir fólk með mjólkuróþol. Þeir komu ásamt öðrum eigendum, mjólkurframleiðslu af stað á nýjan leik á Vestfirðum og hlutu fjórðung atkvæða eða 115.

Í þriðja sæti varð Óskar Jakobsson, séra Jakobs Hjálmarssonar er var sóknarprestur á Ísafirði um langa hríð. Óskar hljóp „heim“ til Ísafjarðar, rúmt marþon dag hvern, 45 kílómetra til styrktar Finnþoga Erni Rúnarssyni, ungum Vestfirðingi, sem gengið hefur í gegnum margar raunir á sinni stuttu ævi, og Neistanum, Félagi langveikra barna. Óskar hlaut 29 atkvæði eða 7%. Aðrir hlutu minna.

Þeir sem leggja öðrum lið hlutu velþóknun lesenda. Guðna Páli Viktorssyni er óskað til hamingju með útnefninguna og lesendum Bæjarins Besta og Vestfirðingum öllum með valið. Það yljár hverjum manni um hjartarætur að vita af fórnfúsu fólki sem er viljugt að hjálpa náunganum í nauð. Sá andi er verðugt leiðarljós okkar á nýju ári með bjartsýni og þrautseigju að vopni, sem skilar okkur alla leið.

Stakkur skrifar

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og mállefnum hafa oft verið umdeildar og vak- ið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.

RTSÁ ÚTSALA



HÚSASMÍÐJUNNAR

VERKFÆRI 20-40% • VERKFÆRATÖSKUR 25% • FLÍSAM 20-30% • ÚTIVISTARFATNAÐUR 30-50%
VINNUFATNAÐUR 30-50% • BÚSÁHÖLD 30-50% • JÓLAVÖRUR 40-70% • LJÓS 25%
BLÖNDUNARTÆKI 20-25% • SMÁRAFTÆKI 20-30% • PARKET 20% • VASKAR 20-30% • KLÓSETT 20%
BAÐFYLGJHLUTIR 20-70% • INNIMÁLNING 20% • LÍKAMSRÆKTARTÆKI 50% og margt fleira...



50%
AFSLÁTTUR!

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 39.900
NÚ 19.950 kr.

þú sparar: 19.950 kr

Fjölþjálfari
3899531



ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 2.280
NÚ 1.824 kr/m²

þú sparar: 456 kr/m²

Flísar Blanco Rustico
20x25 cm, glans
8611001



30%
AFSLÁTTUR!

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 19.998
NÚ 13.999 kr

þú sparar: 5.999 kr

Úlpa með loðkraga
True North S-2XL
5872355



30%
AFSLÁTTUR!

ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 9.990
NÚ 6.899 kr

þú sparar: 3.091 kr

Hnífasett
5 stk í standi
2000874



ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 19.901
NÚ 12.490 kr.

þú sparar: 7.411 kr

37%
AFSLÁTTUR!

Mínútagrill Unold
1840708



ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 4.995
NÚ 2.995 kr.

þú sparar: 2.000 kr

40%
AFSLÁTTUR!

Skrúfjárnasett 75 stk
5010139



ÚTSALA ÚTSALA

VERÐ ÁÐUR 5.995
NÚ 4.495 kr.

þú sparar: 1.500 kr

25%
AFSLÁTTUR!

Handlaugartæki Dagur
7910101



HÚSASMÍÐJAN

LÆGSTA
LÁGA
VERÐ
HÚSASMÍÐJUNNAR

*Afsláttur gildir eingöngu af útsöluvörum.
Gildir ekki af vörum merktum „Lægsta lága verð Húsasmiðjunnar“.
Vöruúrval getur verið mislaftnt milli verslana

ALLT FRÁ GRUNNI AÐ GÓÐU HEIMILI
SÍÐAN 1956

Sameiginlegt markaðsátak undirbúið

Vinna við sameiginlegt markaðsátak Vestfjarða er í fullum gangi, en þar er byggt á grundvelli athugana sem unnar hafa verið í gegnum tíðina á mynd Vestfjarða í hugum ferðamanna. Fjögur atriði þykja helst skera upplifunina af Vestfjörðum frá því sem er annars staðar á landinu: Fjöll og firðir, menning mótuð af náttúruöflunum, mikilvægi sjávarins, og möguleikarnir á einveru. Markaðsátakið er á mótunarstigi en á næstunni verða haldnar ráðstefnur þar sem leitast verður eftir að fá innlegg frá ferðafjöllum á svæðinu. Fyrsti fundurinn var haldinn á Suðureyri um miðjan

nóvember.

Markaðsstofa Vestfjarða, sem nú er hluti af Fjórðungssambandi Vestfirðinga, sér um skipulagningu markaðsátaksins, en því var fylgt úr hlaði með ályktun Fjórðungspings Vestfirðinga sem haldið var í Trékyllisvík á Ströndum í október. Gert er ráð fyrir að öll sveitarfélög á Vestfjörðum taki þátt í verkefninu, en staðfesting á því er nú til umfjöllunar í nokkrum þeirra, þar á meðal Ísafjarðarbæ. Í minnisblaði sem markaðsfulltrúi Fjórðungssambandsins lagði fyrir bæjarráð koma meðal annars fram upplýsingar um þann markhóp sem helst

er stefnt á.

Meðal þess sem þar kemur fram er að flestir ferðamenn á Vestfjörðum eru Þjóðverjar en Íslendingar eru næststærsti hópurinn. Samtals eru Íslendingar og Þjóðverjar rúmlega helmingur ferðamanna á Vestfjörðum. Ferðamenn á Vestfjörðum eru almennt vel menntaðir, en rétt um þrír fjórðu þeirra hafa lokið háskólanámi. Það má því segja að hinn dæmigerði ferðamaður á Vestfjörðum sé vel menntaður Þjóðverji um þritugt, með góðar tekjur og hug á að fara um ótroðnar slóðir.

– herbert@bb.is



Hornbjarg.



Þrjár stúlkur á einum degi

Mikið var um að vera á fæðingardeild Heilbrigðisstofnunar Vestfjarða á Ísafirði örfáum dögum fyrir jól en þrjár nýir Ísfirðingar komu í heiminn á einum og sama deginum, 17. desember, allt stúlkur. Sólrún Ósk Jónínudóttir og Ástþór Eyjólfsson áttu fyrstu stúlkuna þessa dags, Ingibjörg Heba Halldórsdóttir og Rafn Pálsson aðra og Þórunn Halldórsdóttir og Aaron Eyþórsson þá þriðju. Öllum heilsast þeim vel að sögn Sigrúnar Rósu Vilhjálmisdóttur ljósmóður sem tók á móti öllum börnunum. Enn er beðið eftir fyrsta barni ársins 2014 en alls komu 37 börn í heiminn á HsVest á árinu 2013. Kynslagslíðan er nokkur en af þessum 37 eru 14 drengir og 23 stúlkur. „Nú þegar eru 24 skráðar í mæðravernd hjá okkur á fyrri helmingi ársins en það getur alveg bæst eitthvað við og eitthvað dottið út. Til dæmis voru tólf konur hjá okkur í mæðraverndinni í fyrra sem áttu annarsstaðar en hér,“ segir Sigrún. Árið 2012 fæddust 45 börn á Ísafirði eða 14 börnum færri en árið á undan.



Frá æfingunni í Skutulsfirði.

Dræm mæting á flugslysæfingu

Vandræði með TETRA fjar-skiptakerfið og dræm mæting björgunarsveitarmanna eru meðal þeirra atriða sem koma fram í lokaskýrslu Isavia um flugslysæfingu sem haldin var á Ísafjarðarflugvelli í september í fyrra. Alls tóku 165 manns þátt í æfingunni sem er liður í skipulagi Isavia í að halda eina viðamikla

flugslysæfingu á hverjum áætlunarflugvelli ekki sjaldnar en á fjögurra ára fresti. Í samantekt æfingastjóra Isavia koma fram áhyggjur hans á mætingu björgunarsveitarfólks á æfinguna og raunar á tvær síðustu æfingar sem haldnar hafa verið á Ísafjarðarflugvelli og vitnar þar til samnings þar sem björgunarsveitirnar

hafa skuldbundið sig til að æfa reglulega viðbrögð við flugslysum.

Þá kemur fram í samantektum margra aðila að TETRA fjar-skiptakerfið hafi reynst stopult á æfingasvæðinu. Í handriti æfingarinnar kom fimmtíu sæta erlend leiguflugvél niður Engidalinn í góðu veðri. Mótórbílin á seinasta kafla aðflugs leiddi til þess að

vélin missti hæð og skall til jarðar og brotnaði og eldar kviknuðu. Um borð voru 50 farþegar og fjögurra manna áhöfn. Meginmarkmið æfingarinnar var að stefna saman öllum þeim viðbragðsaðilum sem taldir eru upp í flugslysáætlun fyrir Ísafjarðarflugvöll og fá þá til að vinna saman við björgun mannlífa.

Skortir samhljóm við aðra sjálfstæðismenn

Gísli Halldór Halldórsson, formaður bæjarráðs og oddviti Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ, segir að ástæða þess að hann bjóði sig ekki fram í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins sé að hann finni ekki nægilegan samhljóm með þeim sjálfstæðismönnum sem hafa sig í frammi í sveitarfélaginu. Hann hefur verið oddviti flokksins í bæjarstjórn frá því í vor þegar Eiríkur Finnur Greipsson baðst lausnar. „Þetta hefur verið heilmikil törn frá því ég tók við í vor og okkur hefur gengið vel. Þó ég hverfi af þessum

vettvangi í vor þá mun ég áfram hafa áhuga á sveitarstjórnarmálum og mun sinna starfinu af kostgæfni út kjörtímabilið“, segir Gísli.

Það er ekki einungis heima í héraði sem Gísli segir korta samhljóm milli sín og annarra sjálfstæðismanna. „Mér finnst ég ennþá vera jafnmikill sjálfstæðismaður en á landvísu þykir mér að margir sjálfstæðismenn hafi villst af leið inn á refilstigu einkahagsmuna og miðstýringar“, segir Gísli sem hefur setið í bæjarstjórn síðan 2006.



Gísli Halldór Halldórsson.

Vor í borg

með VITA

- skildu páskaheitið eftir heima

Fáðu tilboð fyrir hópinn þinn.
Hafðu samband í síma 570 4444
eða á hopar@vita.is



DUBLIN

um páskana

Verð frá **85.900 kr.***
og 12.500 Vildarpunktur

*Verð án Vildarpunkta 89.900 kr.

17. – 21. apríl

4 nætur



BILBAO

um páskana

Verð frá **105.900 kr.***
og 12.500 Vildarpunktur

*Verð án Vildarpunkta 115.900 kr.

17. – 21. apríl

4 nætur



SAN SEBASTIAN

um páskana

Verð frá **127.700 kr.***
og 12.500 Vildarpunktur

*Verð án Vildarpunkta 137.700 kr.

17. – 21. apríl

4 nætur



EDINBORG

í vor

Verð frá **86.900 kr.***
og 12.500 Vildarpunktur

*Verð án Vildarpunkta 96.900 kr.

17. – 22. apríl, 24. – 27. apríl og 1. – 4. maí



LISSABON

í vor

Verð frá **93.900 kr.***
og 12.500 Vildarpunktur

*Verð án Vildarpunkta 103.900 kr.

24. – 27. apríl og 30. apríl – 4. maí



RÓM

í vor

Verð frá **139.900 kr.***
og 12.500 Vildarpunktur

*Verð án Vildarpunkta 149.900 kr.

1. – 5. maí

Öll verð eru á mann í tvíþýli. Innifalið: flug, skattar, gisting með morgunverði og íslensk fararstjórn. Ef bókað er á skrifstofu bætist við 1.500 króna bókunargjald.

VITA er í eigu Icelandair Group.

ICELANDAIR
GROUP



Skráðu þig
í netklúbbinn - VITA.is

VITA
Suðurlandsbraut 2
Sími 570 4444

vita

VITA er lífið



Fjöldmenni við áramótabrennu

Margt var um manninn við áramótabrennu Ísfirðinga að Hauganesi við Skutulsfjörð á gamlárskvöld og létu brennugestir rokið ekki aftra sér frá því að mæta. Að sögn eins brennugestanna var rokið slíkt go brennan var að mestu lárétt. Er leið á brennuna stóð Björgunarfélag Ísafjarð-

ar fyrir flugeldasýningu eins og venja er fyrir. Björgunarsveitir á svæðinu sáu, líkt og fyrri ár, um framkvæmd brenna í Ísafjarðarbæ.

Ekki er vitað til þess að áramótabrennur hafi verið haldnar hér á landi fyrr en á ofanverðri 18. öld að því er fram kemur á Vísindavefn-

um. Fyrir þann tíma var timbur og annar eldiviður einfaldlega of dýrmætur til að honum mætti sóa í slíkt. Í dag eru áramótabrennur orðnar ómissandi liður í því að kveðja gamla árið og fagna því nýja í flestum byggðum bólum landsins.

– harpa@bb.is





Gert ráð fyrir rekstrarhagnaði

Fjárhagsáætlun Bolungarvík-urkaupstaðar, sem samþykkt var í bæjarstjórn 19. desember síðastliðinn, gerir ráð fyrir jákvæðri rekstrarmiðurstöðu aðalsjóðs upp á 79 milljónir króna og 36 milljóna króna rekstrarhagnaði af samstæði A- og B-hluta. Áætlunin gerir ráð fyrir að heildartekjur ársins 2014 verði 913 milljónir króna og eru tekjur A-hluta þar af 713 mkr. Útsvarstekjurnar verða samkvæmt áætluninni 417 mkr, en tekjur af fasteignaskött-

um og lóðarleigu 49 mkr. Þá er gert ráð fyrir að tekjur úr Jöfnunarsjóði verði 147 mkr sem þýðir að heildar skatttekjur að meðtöldum tekjum úr Jöfnunarsjóði verði 613 mkr.

Veltufé frá rekstri samstæðu A- og B-hluta verður 128 mkr á árinu 2014 samkvæmt áætluninni. Þá er gert ráð fyrir að heildar lánataka verði 294 mkr, á sama tíma og greidd verða niður lán að upphæð 150 mkr. Nettó lánataka verður því 144 mkr. Í árslok 2014

verður skuldaviðmið sveitarfélagsins 131% samkvæmt áætluninni eða vel innan við það 150% viðmið sem sveitarstjórnarlög gera ráð fyrir. Reiknað er með að framlegð (EBIDTA) af rekstri samstæðu A- og B-hluta verði 171 mkr eða 19% af heildartekj-

um. Framkvæmdir við hjúkrunarheimili taka til sín stóran hluta af framkvæmdafé ársins en reiknað er með 159 mkr í það verkefni. Grunnskólinn verður í forgrunni hvað aðrar framkvæmdir áhrærir og er áætlað að veita samtals 26

mkr í verkefni tengd honum. Auk þess eru fjárveitingar til ýmissa verkefna við aðrar stofnanir bæjarins. Áætlunin gerir ráð fyrir að í heildina verði varið 255 mkr í framkvæmdir og stærra viðhald á árinu 2014.

– bb@bb.is

Einn lést í umferðarslysi á Vestfjörðum

Eitt banaslys varð í umferðinni á Vestfjörðum á síðasta ári en en alls létust fimmtán manns í umferðarslysum á landinu öllu á sama tímabili, átta konur og sjö karla. Um er að ræða sex fleiri en árið á undan þegar níu létust. Banaslys í umferðinni hafa ekki verið fleiri í fimm ár. Banaslysið á Vestfjörðum átti sér stað í Skötufirði í Ísafjardardjúpi 13. júní síðastliðinn. Þá lést Dröfn Guðmundsdóttir. Hún var 66 ára.

Þyrla Landhelgisgæslunnar flutti ökumann og farþega á Landspítalann og reyndist ökumaðurinn látinn er þangað var komið.

Í ágúst síðastliðnum voru banaslysin í umferðinni orðin fleiri en allt árið á undan. Fyrstu vikuna í ágúst létu fjórir lífið í þremur slysum. Öll banaslysin utan tveggja áttu sér stað undan þéttbýlis. Fimm létu lífið í slysum á Suðurlandsvegi.

– harpa@bb.is



Hjartans þakkir til allra sem sýndu okkur samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför okkar ástkæru móður, tengdamóður, ömmu og langömmu

Hulda Jónsdóttir
frá Sléttu

Börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.

Útsalan hefst í Hafnarbúðinni á Ísafirði!

20% afsláttur af ÖLLUM vörum í búð fimmtudaginn 9. janúar til laugardagsins 11. janúar. Útsalan byrjar svo af fullum krafti mánudaginn 13. janúar, með 30-60% afslætti af völdum vörum!

Komið og gerið góð kaup!

Hafnarbúðin, Ísafirði
s. 450-5300.

Opið 9-18 alla virka daga,
11-14 alla laugardaga.





Lífið hefur verið mér dásamlegt

Karl Sigurðsson, Kalli á Mími eins og margir þekkja hann, hefur upplifað margt á sinni löngu ævi, en hann varð 95 ára í vor. Hann hefur unnið við ýmislegt á sínum starfsferli, allt frá því að vera smali og til þess að stýra skipi. Lengst af var hann skipstjóri á vélbátum Mími frá Hnífsdal. Þá hefur hann séð atvinnulífið taka miklum breytingum, allt frá því að blómleg saltfiskvinnsla var við lýði í Hnífsdal að síldarævintýrinu mikla og síðan þeim stakkaskiptum sem urðu þegar hraðfrystihúsin litu dagsins ljós.

Karl segist hafa átt dásamlegt líf, en eins og hjá fleirum hafa skipstjórarnir á skin og skúrur. Meðal mestu áfalla í lífi hans eru sonarmissir og bræðramissir. Tvisvar bjargaðist hann úr sjávarhásku. Frá þessu og öðru sagði Kalli á einlægum hátt þegar blaðamaður kíkti í heimssókn í íbúð hans á Hlíf á Ísafirði fyrir skemmstu og fékk hann til að rifja upp gamla tíma og stikla á stóru í löngu og viðburðaríku lífi.

Karl er fæddur á Ísafirði 14. maí á því minnisverða ári 1918, rétt þegar voraði eftir frostaveturinn mikla, hálfu ári fyrir lok heimsstyrjaldarinnar fyrri, hálfu ári áður en Íslendingar fengu fullveldi, árið þegar spænska veikin lagði fjölda fólks í gröfina héraendis. Snemma var útlit fyrir að ævi hans yrði ekki löng.

„Ég fæddist í Rómaborg, húsi við höfnina, svo það má segja að ég sé Rómverji. Ég veiktist illa á fyrsta ári þegar ég fékk spænsku veikina og móðir mín óttaðist að hún væri að missa mig. Því var kallað til læknis sem hét Kjerúlfr. Hann leit í augun á stráksa og sagði að hann ætti langt líf fyrir höndum, sem reyndist vera rétt,“ segir Karl og hlær.

Á fyrsta ári fluttist hann með fjölskyldu sinni út í Hnífsdal þar sem þau bjuggu yst í dalnum þar sem þá kallaðist Bugur. „Hnífsdalur skiptist í þrennt eða eiginlega fernt: Bakkar, Stekkir, Brekka og Bugur. Þarna var mikil útgerð, fjórir eða fimm bátar sem lágu á víkinni. Þarna voru þrjár eða fjórir útgerðarmenn og fólkið vann hjá þeim. Lífið var á þessum tíma saltfiskur, eins og maður tekur til orða. Allur fiskur var saltaður, þurrkaður, vaskaður og pakkaður og sendur til Spánar eða Ítalíu. Þá voru hraðfrystihúsin ekki komin og því var allur fiskur saltaður. Það er að segja, þegar

honum var landað, stundum komu erlendir togarar sem voru að sigla til Englands og keyptu fisk af bátunum okkar. Þá lönduðu allir bátarnir okkar í þessa togara sem lágu einhverja daga ýmist í Sundunum eða á Pollinum.

Faðir minn var til sjós og móðir mín heimavinnandi eins og þá tíðkaðist. Hún átti börn á um þriggja ára fresti en þess á milli vann hún þegar hún gat við vöskun og við saltfiskinn. Pabbi dó 99 ára og móðir mín 94 ára. Ættin er því langlíf, ég hef oft sagt það í gríni að ég ætli að vera hundrað ára og jafnvel meira, maður veit aldrei,“ segir Karl og hlær.

Elti síldina þar til hún hvarf í hafid

Skólaganga Karls einskorðaðist við barnaskóla eins og tíðkaðist að stórum hluta á þeim tíma. „Þá fór maður tíu ára í skóla en var orðinn vel læs og skrifandi þar sem maður fékk kennslu við það heima fyrir. Skólagangan var bara fjögur ár en fjórtán ára fermdist maður. Á þeim árum voru aðeins efnameiri foreldrar sem gátu sent unglöngina sína í áframhaldandi nám. Hnífsdalur var í Eyrarhreppi og tilheyrði ekki Ísafirði þá. Það voru engir bílar til að flytja fólk á milli og ef fólk ætlaði að bregða sér yfir á Ísafjörð fór það fótgangandi báðar leiðir. Því fóru margir suður í skóla því að þarna var hvorki Núpur né Reykjanes komnir og ef það átti að senda unglöngina í skóla á Ísafirði þurfti að koma þeim fyrir þar.“

Eftir ferminu fór Karl beint á sjóinn. „Ég var á sjó frá fjórtán ára aldri, en þegar ég var um tvítugt, árið 1939, var ég búinn að vera í góðum skiprúmum á aflamestu bátunum hér fyrir vestan. Dreif mig þá í Stýrimanna-skólann og var í fjóra mánuði í Reykjavík. Ég tók bara minni fiskimanninn, eins og það var kallað, sem dugði fyrir mig til að fá 120 tonna réttindi. Það var nóg fyrir mig enda ætlaði ég að vera bara með línubáta en ekki togara, þeir voru aftur á móti í kringum 300 tonn og því hefði ég þurft stærri fiskimanninn til að mega stýra þeim.

Námið gekk ágætlega þrátt fyrir að ég hefði ekkert að baki nema barnaskólagönguna. Ég var góður í stærðfræði og fékk ágætis einkunnir.

Upp úr því hætti ég að vinna erfiðisvinnu og fór í brúna að stjórna mönnum. Fór að vinna með hausnum eins og maður segir,“ segir Karl hlæjandi. „Ég var skipstjóri í 25 ár og lenti í mörgu á þeim tíma. Tæknin hefur breyst svo ótrúlega mikið á öllum sviðum á þessum tíma, bæði til lands og sjávar. Þegar ég tók við fyrsta bátinum höfðum við bara kompásinn til að fara eftir en engan radar, heldur bara djúplóð sem maður renndi í botninn til að mæla dýpi. Það var því oft erfitt að ná landi. Veðurfarið var líka allt annað á þeim tíma. Veðrin voru miklu harðari og maður lenti oft í kröppum aðstæðum. En ég hef alltaf sagt að það séu einhverjar góðar vættir sem hafi verið mér til halds og trausts allt mitt líf.

Ég hætti á sjónum þegar ég var 48 ára gamall. Þá var síldin farin frá landinu. Ég fór alltaf með stærri og stærri bát, fyrst var ég með 18 tonna bát, svo 40 tonna og svo 100 tonna. Þegar ég fékk 40 tonna bátinn fór ég á síldveiðar við Siglufjörð. Ég var alltaf heillaður af síldinni og veiðunum. Ég stundaði þær á sumrin þar til ég hætti árið 1966. Fyrst var ég alltaf við Siglufjörð og svo elti ég síldina austur á Eskifjörð en loks hvarf hún í hafid og þá hætti ég á sjó.“

Karl byrjaði þá að vinna við Hraðfrystihúsið í Hnífsdal sem vélstjóri. „Ég vann þar í 28 ár eða þar til ég var orðinn 78 ára og hætti að vinna.“

Ástin kviknaði á gamlársballi

Karl kvæntist Kristjönu Hjartardóttur og átti með henni langt og farsælt hjónaband. Þau höfðu þekkt frá barnaldri en ástin kviknaði ekki fyrir en síðar.

„Við gengum í skóla saman, fermdust saman og vorum í sveit saman. En þegar ég var ellefu og tólf ára var ég tvö sumur smali á Eyri við Seyðisfjörð. Þá eltist ég við rollur frá kl. sex á morgnana og til kl. sjö á kvöldin. Þá var fært frá, eins og það var kallað,

en þá voru lömbin tekin frá kindunum til þess að hægt væri að mjólka þær. Úr mjólkinni var svo búið til smjör fyrir fólkið á bænum. Þegar ég hugsa til baka finnst mér það vera harðneskja að taka blessuð lömbin frá kindunum. Þau voru færð annað svo þau næðu ekki að sjúga þær og látin eiga sig mánaðargömul. Sem betur fer gekk þetta þó yfir í stuttan tíma.

Kristjana fór burt eftir ferminu en þá var hún bara stelpu-skjóta með fléttur og ég tók ekkert eftir henni. Það var svo þegar ég var 21 árs að ég hitti hana á ný. Ég var lítið fyrir kvenfólk þar sem ég var alltaf feiminn við það. Ég fór á ball á gamlárskvöld og sá þá unga og myndarlega stúlku. Ég bauð henni upp í dans og dansaði við hana. Upp frá því dansaði ég við hana það sem eftir var,“ segir Karl með stórt bros á vör.

„Hún kvaddi mig núna 30. ágúst en þá vorum við búin að lifa saman í 72 ár. Kristjana var mjög ákveðin kona og ég skal segja ágæta sögu sem lýsir því. Við áttum heima í góðu húsi við Skólaveg 9 sem við létum byggja fyrir okkur. Kristjana hafði þá verið búin að vera lasin í einhvern tíma. Grétar sonur okkar var tekinn við sem nokkurs konar ráðsmaður á Hlíf og þar losnaði íbúð. Hann fór með mömmu sína að skoða íbúðina og hún kom svo út eftir og tilkynnti mér að hún væri búin að kaupa íbúð á Hlíf og myndi flytja eftir hálfan mánuð. Ég réði því hvort ég kæmi með eður ei.

Ég var nú ekkert spennur fyrir því enda fannst mér ég ekki vera það gamall að ég þyrfti að fara á elliheimili, var nú bara rétt átt-ræður. Ég var frískur eins og ég hef alltaf verið en ég fór nú að skoða íbúðina og hjálpaði þeim að standsetja hana. Þegar komið var svo að flutningunum flutti ég með henni enda gat ég ekki hugsað mér að láta hana fara eina. Ég hef ekkert séð eftir því enda er himneskt að vera hér á Hlíf. Hjúkurnar hugsa svo vel um okkur að þau eru okkur gamla fólkinu eins og faðir og móðir.“ Karl og Kristjana áttu saman

sex börn. „Lífið hefur verið mér dásamlegt. Við áttum miklu barnaláni að fagna. En líka urðum við fyrir miklu áfalli þegar við misstum drenginn okkar. Það hittist þannig á að ég hætti á sjónum í september en hann var orðinn skipstjóri og byrjaði vettíðina á nýjum bát haustið sem ég hætti. Ætlunin var að hann fengi annan bát um áramótin og einungis átti að leigja þennan fram að áramótum. Svo fór það nú svo að þeir fóru að róa í ágætis veðri þegar stormaði á þá og sex manns fórust með bátinum 22. desember. Það var mikið áfall,“ segir Karl dapur í bragði.

„Ég missti meira en bara son minn í þessu slysi, ég missti líka bróðurson, tengdason, svila og tvo háseta sem höfðu verið með mér á sjó í tíu ár. Yngsti hásetinn var rétt 19 ára. Þarna urðu ellefu börn föðurlaus, þar af tvö ófædd. Þetta urðu dökk jól. En það birtir aftur um síðir og maður á enn minningarnar sem voru góðar.“

Skotinn niður af Þjóðverjum

Sjálfur komst Kalli oft í hann krappan á sjómannsferli sínum. Þakkar hann sundkennslu sem hann hlaut ungur að aldri fyrir að hafa tvívegis bjargað honum úr lífshásku.

„Þegar ég var tólf ára var haldið sundnámskeið í Reykjanesi. Einhvern veginn gátu foreldrar mínir sent mig á þetta námskeið, hvornig sem þau höfðu nú efni á því. Ég lærði þar að synda og síðan lærði ég það enn betur seinna á sjómannaáramótum. Sú kunnátta bjargaði lífi mínu í tvígang þegar ég lenti í sjónum á mínum sjómannsferli og hefði druknað ef ég hefði ekki kunnað að synda. Annað skiptið var á síldarveiðum út af Sléttu er ég féll ásamt öðrum af síldarbát. Svo lenti ég í sjóslysi er Eggert Ólafsson, 30 tonna bátur sem ég var á, fórst suður undir Jökli. Við vorum tíu um borð en björguðumst allir nema einn. Ég var þá sautján ára.

Sama ár og það slys varð misstu foreldrar mínir einn son sinn sem þá var 21 árs gamall. Hann dó úr lungnabólgu. Ekki var hægt að bjarga honum á þeim

tíma en hefði verið hægt í dag. Á þeim tíma var lungnabólga banvæn.

Svo misstu þau annan son sinn, sem einnig var þá 21 árs, en hann var þremur árum yngri en ég. Hann var skotinn niður af Þjóðverjum í stríðinu. Baturinn fór í róður í svartapöku og rær út frá Þingeyri. Hann skilaði sér ekki að landi aftur. Svo fóru að finnast sundurskotnir línubalar frá bátinum og þá reiknaði maður með því að hann hefði lent í skotárás, en þá voru Þjóðverjar mikið á kafbátum í kringum landið. Einnig hafði heyrst skotárás úti á Dýrafirðinum af fólki sem var í landi.

Tuttugu eða þrjátíu árum síðar var það lesið upp úr dagbók kafbátsforingja, að báturinn hafði legið í svartapöku í Dýrafirðinum, en svo létti til og þá sáu skipverjar bát rétt hjá sér. Þeir óttuðust að bátsverjar myndu gefa upp staðsetningu kafbátsins, en það mátti ekki sjá hann svo þeir urðu að skjóta hann.

Bróðir minn hét Ásgeir og var sonur okkur skírður eftir honum, en hann fórst svo á sama aldri. Það er dálítið einkennilegt, en svona er nú lífið oft furðulegt.

Ég varð líka fyrir því á minni skipstjóratíð að ég missti mann útbyrðis. Það var mikið áfall sem ég var lengi að jafna mig á. En engum var hægt að kenna um það. Slysinn gera ekki boð á undan sér.“

Ekkert náð að brjóta niður sálina

„Svona var nú lífið. Maður er búinn að reyna margt, og margt hefur reynt á sálina, en ekkert hefur brotið hana niður, sem betur fer. Ég hef líka átt svo margar gleðistundir í öllu þessu lífi. Fjölskyldan er orðin stór og maður á góða að. Það er afskaplega vel hugsað um mig. Svo er líka dásamlegt að búa á Hlíf. Ég held að hvergi á landinu sé jafn gott að búa. Það er hugsað um mann eins og ungabarn hérna. Þessar stúlkur sem eru í heimahjúkruninni eru einstakir englar allar saman.

Það hefur einu sinni gerst að það kviknaði eldur hérna niðri. Ég legg mig alltaf eftir matinn og tek þá heymartólið úr eyranu. Þegar ég vaknaði aftur og setti tólið í eyrað heyrði ég eitthvað ýl. Ég skildi ekkert í því og hélt að einhvers staðar væri vekjarklukka að hringja. Ég var því alveg rólegur. Í því birtist Halldóra yfirhjúkka og biður mig um að koma niður þar sem það sé kviknað í. Það var því eldvarnaboðinn sem ég heyrði í. En ég hafði aldrei heyrt í honum áður og þekkti hann ekki. Ég var því ekkert að hreyfa mig. Þá hafði kviknaði í töflu niðri í kjallara en það var nú enginn skaði af því, svo þetta reyndist bara ágætis æfing,“ segir Kalli á Mími og brosir út í annað.



Staðráðinn að láta drauminn rætast

„Tengslin mín við Ísafjörð og Ísafjarðarbæ eru mjög mikil enda er ég hálfur Þingeyringur og hálfur Ísfirðingur. Móðir mín er uppalin hér á Ísafirði og móðurættin mín er frá Ísafirði og einnig úr Engidal. Svo hef ég búið hérna og kærastan mín er héðan“, segir Guðni Páll Viktorsson, Vestfirðingur ársins 2013 samkvæmt vali lesenda bb.is. „Amma mín og afi búa á Þingeyri eins og þau hafa gert alla ævi og pabbi minn býr þar núna með konu og börnum“, segir hann, og kveðst þannig í rauninni líta á sig bæði sem Ísfirðing og Þingeyring. Foreldrar hans eru Sólveig Guðnadóttir og Viktor Pálsson.

Aftek Guðna Páls á liðnu sumri vakti mikla athygli bæði hérlandis og erlendis þegar hann reri einskípa á kajak kringum landið við erfiðustu aðstæður og safnaði jafnframt áheimum til styrktar

Samhjálp. Þegar Guðni Páll er spurður um upphaf þess að hann fór að stunda siglingar og kajakróður segir hann: „Þetta hefur alltaf heillað mig mikið og allt sem tengist sjó, enda á ég ekki langt að sækja áhugann á sjónum. Það var samt ekki fyrr en á seinni árum sem ég fór að leita eftir einhverju áhugamáli af því tagi. Eiginlega má segja að ég hafi dottið inn í þetta, það var ekkert skipulagt. Ég fór á námskeið hjá Halldóri Sveinbjörnssyni hérna á Ísafirði og ég vissi um leið að þetta væri mitt framtíðarsport, það var eitthvað sem smell. Tengingin við náttúruna er svo mikil þegar maður ferðast um fyrir sínu eigin afli, allt öðruvísi upplifun að vera á kajak en á motorbát. Þarna var ég kominn á heimavöll. Ég hætti í fótboltanum sem gríðarlega mikill tími hafði farið í, mig vantaði eitthvað til að fylla í skarðið, og ég var svo heppinn að þetta datt inn. Betri leið til að kynna sjónum og náttúrunni en kajakróður er varla hægt að finna.“

Alltaf eitthvað sem kallaði
Guðni Páll átti sín uppvaxtarár á Þingeyri og byrjaði þar í skóla. „Svo fluttum við til Reykjavíkur og þar tók ég efri hluta skólaáranna, en eftir að ég kom suður fann ég alltaf að eitthvað vantaði, það var eitthvað sem kallaði á mig. Þess vegna ákvað ég að taka stökkið þegar ég var kominn fram yfir menntaskólaaldur og flutti vestur og fór að spila knattspyrnu með BÍ-Bolungarvík. Þá fannst mér ég vera kominn heim og þannig hefur tilfinningin alltaf verið þegar ég kem vestur. Ég hef til dæmis alltaf talað um að vera heima um jólin. Hér finnst mér best að vera.“

Þegar þetta viðtal er tekið í byrjun nýja ársins er Guðni Páll veðurtepptur heima hjá tengdforeldrum sínum á Ísafirði og kemst ekki suður – „og ég get sannarlega ekkert kvartað yfir því, við látum bara vinnuveitandann um það!“

Vinnuveitandi Guðna Páls nokkur síðustu árin er stöðtækjaframleiðandinn Össur, en áður hafði hann unnið við ýmislegt, eins og hann kemst að orði. Þar er ekki ómerkast þegar hann vann við gerð Bolungarvíkurganganna frá upphafi og til loka, jafnframt

því sem hann spilaði fótbolta eins og áður sagði. „Svo hef ég líka verið með annan fótinn á sjó með afa mínum á Þingeyri. En ég er nú bara 26 ára gamall þannig að ég á ekki mjög langa starfsævi að baki.“ Því mætti þó bæta hér við, að Guðni Páll var tvö sumur yfirkennari á siglinganámskeiðum á Ísafirði þar sem krökkunum er kennt á seglbáta og kajaka og annað. „Maður reynir bara að hafa lífið skemmtilegt.“

Guðni Páll er í sambúð með Evu Alfreðsdóttur og heimili þeirra er í Hafnarfirði. „Hún er í námi og gengur vel, þannig að það eru engin börn ennþá.“ Foreldrar Evu eru Birna Bragadóttir og Alfreð Erlingsson á Ísafirði.

En hvernig skyldi sú hugmynd að ráðast í kajakróður kringum landið hafa fæðst?

Losnaði ekki við þessa hugmynd

„Aðdragandinn var mjög langur. Þetta var í rauninni búið að vera bak við eyrað alveg frá því að ég byrjaði í kajaksporði. Það var eitthvað sérstakt við hugmyndina að fara kringum landið á því farartæki sem heillaði mig mest. Ég var margoft búinn að hugsa um alls konar ævintýri, enda er ég ævintýragjarn, en við þessa hugmynd losnaði ég ekki og fór að spá í það hvort þetta væri í rauninni framkvæmlegt.“

Guðni Páll segir að umhugsunartíminn hafi verið þrjú ár. „Þú tekur engar skyndiákvæðanir um svona, þetta þarf að vera mjög vel ígrundað. Undirbúningurinn fyrir sjálfa ferðina tók eitt ár. Þá er ég ekki að tala um að það sé bara bak við eyrað heldur er það númer eitt, tvö og þrjú í heilt ár og ekkert annað sem kemst að. Í svona verður maður að leggja allt og það var það sem ég gerði. Ég var staðráðinn að láta þennan draum rætast, þennan draum sem ég hafði í byrjun enga von um að myndi nokkurn tímann rætast. En þegar árið leið áfram og ég fór að sjá að þetta væri gerlegt með mínum eigin undirbúningi og með aðstoð frá rétta fólkinu, þá kom að lokum að þeim degi þegar ég var kominn á brottfararstað og allt tilbúið.“

Þegar Guðni Páll er spurður hvers vegna hann hafi notað róðurinn til að styrkja einmitt Sam-

hjálp en ekki einhver önnur sam-tök segir hann:

„Það er fyrst og fremst þörfin fyrir að styðja þá sem minna mega sín. Allir vilja aðstoða þá og leggja þeim lið. Um leið og ég byrjaði undirbúninginn var ég ákveðinn í því að láta gott af mér leiða, en það kom kannski ekki strax upp í hugann hvaða málefni það yrði nákvæmlega. Síðan lágu leiðir mínar og Samhjálp saman alveg ófyrirséð. Ég var að kaupa jólagjafir í Kringlunni þegar ég hitti fulltrúa frá samtökunum sem var þar að kynna starf þeirra og safna peningum fyrir jólin. Hann sagði mér hvernig starfið hjá Samhjálp væri og hversu nauðsynlegt það væri að hjálpa þeim sem eiga í erfiðleikum. Þarna er bæði um að ræða útígangsmenn og fólk sem er að berjast við fíkniefnaneyslu og áfengisvandamál og fleira. Þetta er stór þáttur í okkar samfélagi og mér fannst þetta málefni mjög verðugt. Það er fjöldinn allur af fólki að gera góða hluti og alls konar fjáraflanir í gangi en mér fannst þetta svolítið útundan. Kannski hálfgleymt, kannski var fólk bara feimið við að ræða þetta. Ég ákvað einfaldlega að taka þennan slag og sé að sjálfsgöðu ekki eftir því.“

EKKI ER HÆGT AÐ SEGJA ANNAÐ EN FJARÖFLUN GUÐNA PÁLS Í ÞÁGU SAMHJÁLPAR HAFI GENGIÐ MJÖG VEL, ÞVÍ AÐ UM NÍU MILLJÓNIR SÖFNUÐUST. „Ég er gríðarlega þakklátur fyrir það, ég vona að þessir peningar hafi komið að góðum notum og þá ekki síst núna um hátíðarnar.“

Saknaðartilfinning þegar stigið var í land

Guðni Páll segir að tilfinningin þegar hann steig í land að lokinni hringferðinni hafi verið skritin. „Eiginlega allt öðruvísi en ég hafði búið við. Auðvitað var þetta mikill léttir og mikil gleði og tilfinningarússífbani, en líka mikill söknuður. Eitthvað sem maður er búinn að undirbúa svona lengi og leggja í svona mikla vinnu og mikinn tíma er allt í einu búið. Það var þessi saknaðartilfinning sem helltist yfir mig um leið og ég steig upp úr bátinum, sem kom mér svo mikið á óvart. En jafnframt var ég gríðarlega stoltur af sjálfum mér og fólkinu sem var í kringum mig. Það hafði enginn séð það fyrir að þessi ferð tæki þrjú mánuði. Þetta

var versta sumar í kringum landið síðan níttján hundruð fimmtíu og eitthvað og ég fékk allan þakann af því. Fyrir vikið var ég bara ennþá ánægðari að hafa klárað þetta. En það tók mikið á, bæði líkamlega og andlega.“

Á ferð sinni lenti Guðni Páll í bráðri lífshættu. „Já, það er alveg hægt að segja það. Þegar maður leggur upp í svona leiðangur verður allt að vera mjög vel undirbúið. Vissulega var ég búinn að búa mig undir að ég myndi lenda í einhverjum ófyrirséðum atvikum. Það kom upp eitt slíkt atvik sem vakti meiri athygli en ég átti von á. Viðbrögðin sem ég fékk voru alveg mögnuð, ég fékk tölvupósta og símtöl alls staðar að á landinu og líka frá útlöndum. Lykillinn í þessu atviki var að ég hélt haus enda var ég vel undirbúinn, bæði líkamlega og andlega, og því get ég þakkað að ekki fór verr. En maður fann kraftinn í hafinu, hann er ógurlegur. Þetta hefði ekki aðeins getað enda þessa ferð heldur jafnframt líf mitt.“

Þegar þetta gerðist var Guðni Páll að róa vestur með suðurströndinni. „Það var sjólaust, eins og við kajakfólkið köllum það, hægviðri og gott í sjó. Það var komið fram á seinni hluta dags og ég var búinn að sjá í spánni að það myndi auka aðeins í sjóinn og vindur myndi standa af suðri. Það gerist svo á um það bil klukkutíma að það fer úr því að vera sjólaust og yfir í það að vera ógnvænlegt. Vegna sandgrynnninganna fyrir utan myndast þarna við suðurströndina gríðarstórar öldur og varasamar, ekki bara fyrir svona lítil farartæki eins og kajaka heldur líka stærri skip. Mér var sagt í Vestmannaeyjum að þetta svæði væri alræmt meðal sjómanna.“

Þá væri þetta búið

Þarna er ég eitthvað um einn kílómetra frá landi þegar ég heyrir drunur. Um leið og ég heyrði lætin vissi ég hvað var að gerast, að fyrir utan væri að risa alda sem myndi hafa miklar afleiðingar. Ég lít í áttina þangað og sé þessa öldu og það fyrsta sem kemur í hugann er að fara beint á hana, ekki að láta hana koma í hliðina. Ég beygði og byrjaði að róa á móti öldunni eins og ég ætti lífið að leysa en ég sá það fljótt

9 jan - 15 jan
* Ísafjarðarbíó *
Elsta samféllt starfandi bíó á Íslandi
LOKASYNINGAR Á JÓLAMYNDUNUM
4 ÓMISSANDI TOPPMYNDIR

2D
NÚ SYND Í 2D (VENJULEG)
HOBBIT
FIMMTUD, FÓSTUD, OG LAUGARDAG KL 8

ISL TAL
2D
NÚ SYND Í 2D (VENJULEG)
RISAÐLURNAR
SUNNUGAGINN 12 JAN KL 2

ISL TAL
Disney
FROSINN
SYND Í 2D
SUNNUGAGINN 12 JAN KL 4

EIN SÚ ALLRA BESTA ÁRIÐ 2013
LEONARDO DICAPRIO
THE WOLF OF WALL STREET
SUNNUGAG OG MÁNUDAG KL 8

að ég ætti enga möguleika að fara í gegnum hana, hún var það stór og gríðarlega aflmikil. Þannig gerði ég mig bara kláran að fara í rússbanaferð og dró djúpt andann, svo skall aldan á bátnum og henti honum upp í loftið þannig að hann fór eins og heljarstökk aftur fyrir sig. Báturinn sjálfur er um hundrað kíló, þetta er engin léttavigt, en hann var bara eins og tannstöngull í þessu.

Ég lenti þarna á hvolfi í sjónum og rúllaði þannig með þessari öldu í átt að landi, ég veit ekki hve lengi, en fyrir mér var þetta eins og heil eilífð og ég hafði ekkert loft eftir. Ég vissi bara að ef ég færi úr bátnum, þá væri þetta búíð. Ég myndi aldrei ná honum aftur og mig myndi reka hratt frá landi, ég myndi aldrei eiga séns. Þess vegna reyndi ég að vera eins rólegur og ég gat þarna á hvolfi þangað til mér fannst vera farið að róast nógu mikið, þá velti ég mér upp og sá ölduna vera á leiðinni í burtu frá mér. Þá sá ég best hversu gríðarlega stór hún var. Ég reri bara beint út aftur og hugsaði ekki um neitt annað en að ég vildi ekki lenda í næstu öldu.

Svo þegar ég var búinn að róa í smástund sá ég að allt var horfið af bátnum, staðsetningartækið og líka svokallað spot-tæki, öryggis-tæki sem var notað til að fylgjast með mér. Ég var ekki heldur í talstöðvarsambandi og ekki í símasambandi þarna, þannig að ég var ekki í neitt rosalega góðum málum á þessum tímapunkti. Veðrið var að versna mjög hratt og engin leið fyrir mig að fara í land, öldurnar voru slíkar. Það eina sem ég gat gert var að halda áfram samkvæmt áætlun dagsins og fara þangað sem fólk átti von á mér næst. Ég átti eftir um tuttugu kílómetra þennan dag.“

„Það var maður að fylgjast með mér heima hjá sér í gegnum spot-tækið [Gísli H. Friðgeirsson] og hann sá að það var eitthvað að, eitthvað rangt við staðsetningu tækisins, því að það var að færast afturábak. Hann hélt að ég hefði kannski snúið við vegna þess að veðrið var að versna og hafði samband við bónda þarna uppi á landi og bað hann um að fara og gá að mér. Hann fann auðvitað ekki neitt. Þegar ég komst loksins í símasamband í kannski tuttugu og fimm sekúndur var það eina sem ég gat komið til skila að ég hefði fengið á mig brotsjó og tækin væru farin og stýrið brotið. Svo slitnaði sambandið en þegar ég komst aftur í samband um hálf tíma seinna var búíð að setja leit í gang, björgunarsveitir voru að fara að leita og þyrflan komin út á flugbraut. Þetta var komið í fréttir og fólkið mitt var mjög áhyggjufullt, bæði kærastan og aðrir.“

Reyndi að gera sem allra minnst úr þessu

„En sem betur fer náði lögreglan á Hvolsvelli sambandi við mig þannig að ég gat afturkallað þetta. Varðstjórinn vildi að ég reri í land en ég benti á að það væri engin leið fyrir mig og engin leið heldur fyrir björgunarsveit að komast út á móti mér. Eina leiðin væri að sækja mig í þyrflu og það vildi ég alls ekki. Varðstjórinn féllst á að ég héldi bara áfram og þannig má segja að lögreglan á

Hvolsvelli hafi ráðið afdrifum þessa leiðangurs með því að gefa mér grænt ljós. Ég fékk síðan tölvupósta og hringingar frá fréttamönnum bæði hérlendis og erlendis en ég reyndi bara að gera eins lítið úr þessu og ég gat. Hringferðin var rétt byrjuð og ég vildi ekki staldra við þetta á þessum tímapunkti. Um leið og ég kom í land ákvað ég að ég skyldi róa strax daginn eftir.

Alveg sama hversu langt ég færi, ég ætlaði mér að fara á sjó, þó ekki væri nema bara til að setjast í bátinn og brosa.“

Eftir þetta atvik reri Guðni Páll um þrjá klukkutíma þangað til hann tók land við Alviðruhamarsvita austan við Vík í Mýrdal og svaf þar í neyðarskýli um nóttina. „Það var eiginlega ekki fyrir en ég var kominn á þurr sem ég áttaði mig á því hvað hafði í

rauninni gerst, að þarna hefði þetta alveg getað endað. En ég var alveg staðráðinn í því að halda áfram og klára dæmið.“

Aðspurður hvað nafnbótin Vestfirðingur ársins þýði fyrir hann segir Guðni Páll: „Ég er afskaplega stoltur. Ég held að meiri viðurkenning fyrir mig en að vera kosinn svona af mínu heimafólki á Vestfjörðum sé ekki til.“

– hþm



Sportið í beinni...

- Föstudagur 10. janúar**
kl. 19:40 Leicester - Derby
- Laugardagur 11. janúar**
kl. 12:45 Hull - Chelsea
kl. 15:00 Tottenham - Cryst. P.
kl. 15:00 Cardiff - West Ham
kl. 15:00 Everton - Norwich
kl. 15:00 Fulham - Sunderland
kl. 15:00 South.p.ton - WBA
kl. 17:30 Man. Utd - Swansea
kl. 18:00 Volvo Golf Champion
kl. 19:00 Alt. Madrid - Barcelona
- Sunnudagur 12. janúar**
kl. 14:00 Newcastle - Man. C.
kl. 16:00 Stoke - Liverpool
kl. 18:00 Espanyol - Real M.
kl. 18:00 Volvo Golf Champion
- Mánudagur 13. janúar**
kl. 19:50 Aston V. - Arsenal

Dagar Íslands

- 9. janúar 1964:** Tunnuverksmiðjan á Siglufirði brann til ösku og 40 manns misstu vinnuna. Tjónið nam milljónum.
- 10. janúar 1940:** Togarinn Hafsteinn bjargaði 62 manna áhöfn af þýska flutningaskipinu Bahia Blanca, sem sökk út af Látrabjargi. Sumir óttuðust að þetta væru hermenn sem ættu að gera uppreisn um leið og þýskur innrásaher kæmi til landsins.
- 11. janúar 1993:** Dýpsta lægð sem vitað er um á Norður-Atlantshafi, 910-920 millibör, fór norður með Austurlandi. Röskun varð á samgöngum en litlar skemmdir urðu af völdum lægðarinnar.
- 13. janúar 1976:** Jarðskjálfti varð skammt frá Kópaskeri. Mörg hús í þorpinu skemmdust eða jafnvel eyðilögðust. Skjálftinn var 6,5 á Richter.
- 14. janúar 1992:** Hiti á Dalatanga við Mjóafjörð var 18,8 stig sem mun vera mesti hiti sem mælst hefur í janúar.

Helgarveðrið

- Horfur á föstudag:**
Austanátt og úrkomulífið en vaxandi SA-átt og snjócoma eða slydda um kvöldið. Hiti lengst af um frostmark.
- Horfur á laugardag:**
Útit fyrir sunnan- eða SV-átt og snjókomu eða él en þurr fyrir norðan. Vægt frost.

- Horfur á sunnudag:**
Hvöss SA-átt með slydda eða rigningu, en yfirleitt þurr fyrir norðan. Frost um land allt.

Krossgátan

	1	2	3	4	5	6	7	8	9
	Jón Steingr.	Þjá Vera Flóktið	↘	Samstæðir	Endurtekning	Reið Mýri	↘	Ferlikis Smálúða	↘
									4
	Ferma				2		Mjakaði Vaxtarmagn		
Vetni		Kraftar			Báran				
Lítil		Dugnaður			Æsa Samtök				
↘								Átt	
								Greiðir	
Fæði			Flaustur			Áhald			
Þjaka			Ófum Stafur			Realismi			Sömu
↘	3		↘	Verð			1		
				Átt					
Gæfa Hagur	↘	6							
Ásaka									
↘		Skóli		Sleifin					Staffi Sýl
		Löngun		Hristast					
Árás	↘		↘					Tónn	
Óveður							Samst.	Þátta	
↘				Sérhlj.	8	Skraut			
				Kvaka		Drep-sótt			
Oddi		Út-hugsað			7				Upphr.
		Atorka							Ungdóm
Tala		Manni	5				Stjórna		
Meta		Saur					Kopar		
↘				Röð		Eimyrja			
				Tveir		R.vík			
Munnur				Vinnu-kona					↘
Kastinu				Átt					
↘		9				Söngl			

H.V. UMBOÐSVERSLUN ehf
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4666 • Netfang hekla.vestfj@hafsteinn.is

66°N
SEXTU OG SEX NORÐUR

Sjóvinnufatnaður
Stígvél og vettlingar

Þjónusta í heimabyggð 1983-2013



HRADFYSTIHÚSÍÐ-GUNNVÖR HF.
- sjálfbær nipting sjávarauðlinda



		Jón Steingr.	L			H			G
	⇒	É	G	⇒	E	R	⇒	E	E
		R	Ó	A	R	Ý	K	I	R
		E	N	N		N	O	R	N
	F	Æ	F	I	N	G	I	N	I
R	A	U	S	T		M	A	V	A
	R	S	T		T	A	L	E	N
	I	L		B	Á	R	A	N	↓
H	N	I	K	A		K	R		Þ
A	N	N	Á	L	A	I		T	Í
	↓	N		A	L		H	A	N
	A		E	R	L	I	N	U	↓
Ó	Ð	A	L		I	Ð	I		G
	⇒	S	J	Á	⇒		K	L	Ó
H	Ö	K	U	L	E	T	A	Ó	Ð
Á	R	U		F	R	Ó	Ð	U	I
	K	R	Í	A	N	N	I	M	⇒

Frestur til að gefa kost á sér í prófkjör Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbær fyrir sveitarstjórnarkosningarnar sem fara fram 31. maí rann út á föstudag fyrir viku. Eins og sterklega var búð að gefa til kynna mun núverandi oddviti sjálfstæðismanna, Gísli Halldór Halldórsson, ekki fara í framboð og stefnir Daníel Jakobsson, bærarstjóri Ísafjarðarbæjar, á oddvitasætið. Af núverandi bærarfulltrúum flokksins ætla Kristín Hálfhánsdóttir og Steinþór Bragason gefa kost á sér til áframhaldandi setu í bærarstjórn.

Þau bjóða sig fram: Daníel Jakobsson, Jónas Þór Birgisson, Kristín Hálfhánsdóttir, Martha Kristín Pálmadóttir, Sif Huld Albertsdóttir og Steinþór Bragason. Prófkjörið verður haldið 8. febrúar.

Þórdís Sif skipuð regluvörður

Bæjarráð Ísafjarðarbæjar hefur samþykkt Þórdísi Sif Sigurðardóttur, bæjarritara og sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs, sem regluvörð Ísafjarðarbæjar og Eddu Maríu Hagalín fjármálastjóra sem staðgengil regluvarðar. Daníel Jakobsson bærarstjóri hafði lagt fram minnisblað þar sem kveðið er um að skipa þurfi regluvörð í sveitarfélaginu eftir að Jón Halldór Oddsson lét af störfum sem fjármálastjóri sveitarfélagsins, en hann gengdi einnig stöðu regluvarðar.

Þá hafi Þorleifur Pálsson staðgengill regluvarðar einnig hætt látið af störfum. Regluvörður sveitarfélagsins hefur eftirlit með innherjaupplýsingum og viðskiptum innherja.

70 milljónir fara til uppgreiðslu

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur greitt 70 milljónir króna vegna uppgjörs á samningi á milli Bolungarvíkurkaupstaðar og Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga. Þetta kemur fram í minnisblaði Elíasar Jónatanssonar bærarstjóra sem hann lagði fyrir bæjarráð.

Lagt er til að fjármuninum verði ráðstafað til uppgreiðslu á óhagstæðustu lánum sveitarfélagsins til lækkunar á fjármagnskostnaði þess. Reikna megi með að við þetta lækki árlegur fjármagnskostnaður um sex milljónir króna. Bæjarráð samþykkti ofangreint og fól bærarstjóra að gera viðeigandi ráðstafanir.

Sudoku prautilir

3			6			5	
				4			9
	5			2		4	
6		5				2	
7			9		1		4
		9				7	5
		1		8			4
9				6			
	8				2		1

6				3	2		9
7			6			2	
3		9	4				6
						9	5
1							6
	3	8					
	7				4	6	9
		1			3		2
	6		1	5			4

JAKOB VALGEIR EHF
 Grundarstíg 5
 415 Bolungarvík
 450 7700

BÍLAVERIÐ ehf
 Hjólbarðapjónusta
 Smurpjónusta
 Smáviðgerðir
 Sindragötu 14 • 400 Ísafirði
 Sími 456 3501 • www.bilaverid.is

Glerborg HÚSMÍÐI ehf
Öll almenn húsmíði
 Umboðsaðili fyrir
GLERBORG
 Bolungarvík
 456 7080 • 893 9362 • 690 1060

Fréttir og upplýsingar um réttindi og kjör á vinnumarkaði
www.verkvest.is
VERK VEST

ENDURSKOÐUN Sími í Bolungarvík 450 7900
 Sími á Ísafirði 450-7910
 VESTFJARÐA ehf
 Aðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Bílasala
 456 3800
Bilaverkstæði
 456 4580
BÍLATANGI HF.
 ÍSAFIRÐI
 Suðurgötu 9

Kampi EHF
 Rækjuvinnsla:
 Sindragötu 1 • 400 Ísafjörður • Sími: 450 4000
 Fiskvinnsla:
 Hafnargötu 90 • 415 Bolungarvík • Sími 450 7507 / 863 2600

BROTAJÁRN
 Parftu að losna við brotajárn?
 Tökum á móti brotajárni og útvegum gáma undir það.
 Sími: 456 3710
 gamarvest.is

ÚTSALA

Í FULLUM GANGI – ALLT AÐ 60% AFSLÁTTUR!

Stillanleg heilsurúm í sérflokki!

20%-35%
afsláttur



C&J STILLANLEGT

með Infinity heilsudýnu

Verðdæmi 2x90x200 cm

Fullt verð kr. 581.800 **ÚTSÖLUVERÐ KR. 465.440**

Práðlaus fjarstýring

Fæst í mörgum stærðum.

Vönduð C&J heilsurúm!

20% afsláttur

C&J Gold heilsurúm
með Classic botni

Verðdæmi

Stærð 160x200

Fullt verð kr. 152.900

ÚTSÖLUVERÐ KR. 122.320

Stærð 180x200

Fullt verð kr. 164.900

ÚTSÖLUVERÐ KR. 131.920

Frábært verð!



Gafl seldur sér

Charlotte **S**Julien
Dream your world™

Allir La-Z-BOY hægindastólar!

20-30%
afsláttur



ANDREW

borðstofustólar.
Brúnt, svart
eða hvítt leður.

25% afsláttur

Fullt verð
kr. 19.990

**ÚTSÖLUVERÐ
KR. 14.990**



KARISMA eldhúsborð!
60% afsláttur

120 x 75 H: 74 cm

Fullt verð kr. 24.990

ÚTSÖLUVERÐ KR. 9.996

**Betra
BAK**

Leggur grunn að góðum degi

AFTON hægindastóll!

30% afsláttur

Fullt verð kr. 99.900

ÚTSÖLUVERÐ KR. 69.930



Stillanlegt bak.
Vandað mjúkt leður.
Stöðugir fætur.

www.betrabak.is

betrabak@betrabak.is
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
Opnunartími: Virka daga 12⁰⁰-18⁰⁰,
laugardag 11⁰⁰-16⁰⁰